



Reykjavík, 3. apríl 1998

**Alþingi**  
**Iðnaðarnefnd**  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Borgarstjórnin í Reykjavík hefur falið mér, f.h. Hitaveitu Reykjavíkur, að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um eignarhalda og nýtingu á auðlindum í jörðu:

1. Í 6. gr er sagt að "... landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlinda í eignalandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi."

Í 35. gr er sagt að námulög falli úr gildi og hluti orkulaga (kaflar III og VII). Nefnt er að leyfi sem eru í gildi skv. námulögum haldi gildi sínu.

Ekki verður séð að neitt sé fjallað um hvernig leyfum þeirra sem nú nýta jarðhita verði háttáð við gildistöku þessara laga. Ekki heldur hvernig verður farið með þau svæði þar sem t.d. hitaveitur hafa keypt sér jarðhitaréttindi til framtíðar. Ef til vill er þetta í námulögunum.


2. Í 5. gr um rannsóknaleyfi er fjallað um að ráðherra sé heimilt að veita fyrirheit um forgang til leyfishafa að nýtingu í tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið.

Þetta er mjög stuttur tími sérstaklega ef um hitaveitur er að ræða. Það er skylda hitaveitna að hugsa til framtíðar og tryggja komandi kynslóðum orku til húshitunar. Þær þurfa að vera nokkrum skrefum á undan þróuninni í nýtingu með sínar rannsóknir. Af þessum sökum hefur Hitaveita Reykjavíkur verið að afla sér jarðhitaréttinda á jörðum í nágrenni höfuðborgarinnar til að geta hafið þar rannsóknir. Það er eðlilegt að hitaveitur rannsaki jarðhita í nágrenni síns veitusvæðis og hafi jafnvel fleiri en einn möguleika tiltækan til orkuöflunar. Markaðurinn ræður síðan hvenær viðkomandi svæði er nýtt. Það getur einnig farið eftir eðli þeirra svæða sem þegar eru nýtt hvenær endurnýjunar er þörf.

Það að hafa einungis nýtingarrétt í tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið verður til þess að ekki verður hugað að framtíðarsvæðum til húshitunar fyrr en nánast er komið að nýtingu þeirra. Það virðist því þurfa að hafa þessa sérstöðu hitaveitna sérstaklega í huga. Varðandi nýtingu til iðnaðar og annars geta þessi tvö ár eflaust átt við.

Rannsóknir á jarðhitasvæðum í nágrenni höfuðborgarinnar hafa ekki verið könnuð sem skyldi (s.s. Ölkelduhálssvæðið, Krísvíkursvæðið, Brennisteinsfjöll). Hitaveitan gæti haft áhuga á að koma að þeim rannsóknum til að hægt sé að meta auðlindir í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og tryggja sér næga orku til framtíðar til húshitunar, en samnýting með alls konar iðnaði kemur auðvitað til greina þegar betri upplýsingar liggja fyrir um afl og afkastagetu svæðanna.

Hafa verður í huga að húshitun er framtíðarmál fyrir höfuðborgarsvæðið. Ef jarðhitinn er nýttur t.d einungis til iðnaðar og svæði ekki tekin frá til framtíðar fyrir hitaveitur getur komið að því að nota verður aðra orkugjafa til hitunar. Þá er trúlegt að Íslendingar eigi erfitt með að standa við alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfis-málum. Mengunarlauss borg er ekki síst tilkomin vegna nýtingar jarðhita til upphitunar.



Hjörleifur B. Kvaran